# Á heimleið

## (Hve bjart að líta þig)

*Ísólfur Pálsson*

*Ísólfur Pálsson, 1934*
*Radds.: Páll Ísólfsson*




Á HEIMLEIÐ

Hve bjart að líta þig fóstra mín fríða,
faldaða hvítri jökulkinn.
Ég þráði lengi, fannst langt að bíða,
litið að fengi ég hjúpinn þinn.
Nú sé ég að himins þíns víðfeðma veldi,
vefur þig örmum við ljósaskart,
er sólargeislarnir síðast að kveldi
sindra við hafið fagurt, bjart.

Að stíga fæti á strönd þína, móðir,
studdur af mætri vinarhönd,
og þar að gisti sem vinir góðir
geyma mér vist og tryggðabönd.
Ég kýs og að eyða svo árunum mínum
allt þér að vinna í gleði' og harm
og síðast falinn í faðminum þínum,
fósturjörð, sem við móðurbarm.

Handrit
- Óbreytt: Band 1-69, Band 4-67, Band 5-41, A02, B08 (fräg.)
- Frávik: A02 (3/4) (3x skissur)